

Mál nr. 399/2016
M og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Snæfellsnesvegi við félagsheimilið Lyngbrekku þann 9. október 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. nóvember 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 8. desember 2016 ásamt gögnum.
3. Tölvubréf V1 frá 5. desember 2016.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B þegar þeim var ekið á móti hvor annarri á Snæfellsnesvegi við félagsheimilið Lyngbrekku þann 9. október 2016. Samkvæmt lögregluskýrslu hafði B verið ekið til norðurs en bifreið A til suðurs. Varð árekstur með bifreið B og hestakerru sem bifreið A dró eftir sér. Ökumaður bifreiðar B kveðst ekki muna neitt eftir áreksturinn en taldi sig þó ekki hafa misst meðvitund. Ökumaður bifreiðar A, sem er málskotsaðili M, kveðst hafa séð mann á gangi á vegarbrúninni sín megin til suðurs. Kveðst hann hafa sveigt frá manninum en ekki þurft að fara yfir miðlínu vegarins.

Maðurinn sem var á gangi meðfram veginum tjáði lögreglunni að bifreið A hafi verið sveigt frá sér þegar hún ók framhjá honum, og sagðist hann hafa séð að hestakerran hafi farið yfir miðlínu vegarins þegar óhappið varð. Fram kemur í lögregluskýrslu að maðurinn virtist utan við sig og í annarlegu ástandi. Tvö vitni sem voru farþegar í bifreið A fullyrða í yfirlýsingu sem þau skrifa undir að bifreið A hafi verið á réttum vegarhelmingi þegar áreksturinn varð.

Álit.

Ljóst er að árekstur varð milli bifreiða A og B þann 9. október 2016. Samkvæmt vitni sem var á gangi eftir vegarbrúninni var hestakerra bifreiðar A komin yfir miðlínuna þegar áreksturinn varð. Miðað við athugasemdir lögreglunnar í lögregluskýrslu er ekki hægt að miða við þann framburð, enda kemur fram að maðurinn hafi verið utan við sig og í annarlegu ástandi. Er slíkt vitni ekki trúverðugt. Ekki er heldur hægt að leggja til grundvallar vitnisburð tveggja farþega annarrar bifreiðarinnar þar sem þeir geta ekki talist óhlutdrægir. Því er ljóst að ekki liggur fyrir sönnun um staðsetningu bifreiðanna þegar áreksturinn varð. Verður því að skipta sök jafnt milli beggja aðila.

Niðurstaða.

Sök skiptist að jöfnu milli bifreiða A og B.

Reykjavík 17. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.